

Nd.

720. Frumvarp til laga

[272. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svo hljóðandi:
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í 3. tölulið.
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.

Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hvernar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hvernar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefnda“ í 2. málsg. komi: jarðanefnd.

8. gr.

Við 39. gr.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsg. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.